

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2011****2011/EES/70/07****frá 21. október 2011****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálalþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/103/EB falla úr gildi tilskipanir ráðsins 72/166/EBE ⁽³⁾, 84/5/EBE ⁽⁴⁾, 90/232/EBE ⁽⁵⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB ⁽⁶⁾ og 2005/14/EB ⁽⁷⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum, að undanskilyldum þeim ákvæðum í tilskipunum 2000/26/EB og 2005/14/EB sem fela í sér breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE ⁽⁸⁾ og 88/357/EBE ⁽⁹⁾, sem verða felldar úr samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁰⁾ inn í samninginn.
- 4) Viðhalda ber nógildandi aðlögunarákvæðum vegna tilskipunar 2000/26/EB að því er varðar tilskipun 2009/103/EB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 8. liðar (tilskipun ráðsins 72/166/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0103**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 6. mgr. 21. gr. hljóði svo:

„Tilnefning tjónauppgjörfulltrúa skal ekki í sjálfu sér teljast opnun útibús, í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE og tjónauppgjörfulltrúi skal ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE.““

2. Texti 9. liðar (önnur tilskipun ráðsins 84/5/EBE), 10. liðar (þriðja tilskipun ráðsins 90/232/EBE) og liðar 10a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB) falli brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 57.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/103/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.